

AUGLÝSING

um deiliskipulag á svæði 6, lóðir 54 og 55, í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. nóvember 2005 samþykkt deiliskipulag á svæði 6, lóðir 54 og 55, í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið felur í sér að fjölgað er um tvær lóðir á svæði 6. Á hvorri lóð má reisa 1 - 1½ hæðar hús. Hámarksstærð 150 m² og hámarkshæð 6 metrar. Heimilt að reisa 20 m² gestahús innan byggingareits. Hámarkshæð gestahúss verður 4 metrar. Reisa má bátaskýli með lágum þakhalla á báðum lóðum. Hámarksstærð bátaskýlis verður 50 m². Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 27. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, 4. áfanga í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. nóvember 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, 4. áfanga, í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Breytingin felst í að lóð nr. 74 er felld niður og sameinuð opnu svæði vestan hennar. Opið svæði austan lóðar nr. 83 og ofan lóðar nr. 70 er sameinað í eitt opið svæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 30. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006